

Skagafjörður
Skagfirðingabraut 21,
550 Sauðárkróki

Garðabær, 24. september 2025
202507-0125/A.B.
08.01

Efni: Umsögn – Tillaga – Heildarendurskoðun á aðalskipulagi Skagafjarðar

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Skagafjarðar er barst 23. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um heildarendurskoðun á aðalskipulagi Skagafjarðar.

Skipulagið mótar stefnu um hagkvæma nýtingu lands, samgöngur og gæði byggðar. Jafnframt felur það í sér mótun stefnu í umhverfismálum og hvernig skipulag getur stuðlað að kolefnishlutleysi í samræmi við markmið Íslands

Heildarendurskoðun aðalskipulagsins nær til alls skipulagssvæðis Skagafjarðar og tekur til helstu málaflokka sveitarfélagsins, þ.m.t. íbúðabyggðar, atvinnuuppbyggingar, auðlindanýtingar, samgangna og þjónustu, auk stefnumótunar um verndarsvæði og umhverfismál.

Í aðalskipulagi Skagafjarðar 2025–2040 er jákvætt að lögð er áhersla á að forðast rask á vistgerðir með hátt verndargildi og að endurheimta vistkerfi, einkum votlendi, til mótvægis við framkvæmdir.

Friðlýst svæði

Í greinargerð kemur fram að innan Skagafjarðar eru tvö friðlýst svæði: Þjórásarver (FS-1), 32.700 ha, sem nær yfir víðfeðmt svæði umhverfis Þjórásarver og hluta Hofsjökuls, og Miklavatn (FS-2), 1.484 ha votlendissvæði á láglendi sem einkennist af ríku fuglalífi. Innan friðlandsins við Miklavatn gildir sérstök umferðartakmörkun frá 15. maí til 1. júlí vegna fuglaverndar. Í greinargerð eru þessi svæði talin upp og afmörkuð.

Náttúruverndarstofnun bendir á að þótt upptalning og lýsing á friðlýstum svæðum sé rétt og gagnleg, skortir umfjöllun í greinargerð um verndarmarkmið þeirra.¹ Aðalskipulagið þarf því að gera grein fyrir verndarmarkmiðum Þjórásarvera og Miklavatns² og hvernig skipulagsákvæðanir sveitarfélagsins muni styðja þau.

Þjórásarver

Þjórásarver eru víðáttumesta gróðurvin hálendisins, í um 600 m hæð sunnan Hofsjökuls. Svæðið er einstakt fyrir fjölbreyttar flæðilendur, vistgerðir með hátt verndargildi (m.a. rústamýrarvist, víðikjarrvist og hástarafloavist) og líffræðilegan fjölbreytileika, þar sem fundist hafa hundruð

¹ https://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Fridlyst-svaedi/Auglysingar/thorsarver_507_1987.pdf

² https://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Fridlyst-svaedi/Auglysingar/miklavatn_29_1977.pdf

plantna, mosa, fléttna og skordýra, auk 47 fuglategunda. Verin eru helsta varpsvæði heiðagæsar á Íslandi og á heimsvísu, auk þess sem þær hýsa tegundir á valista.

Svæðið var friðlýst árið 1981 og skráð á Ramsarsamninginn árið 1990 sem alþjóðlega mikilvægt votlendissvæði (nr. 460). Þar eru einnig einstök náttúrufyrirbæri eins og rústamýrar og sífrerasvæði, sem eru fágæt á Íslandi. Náttúruverndargildi svæðisins er mjög hátt á lands- og heimsvísu, bæði vegna fuglalífs, vistgerða og landslags.

Náttúrufegurð Þjórsárvera og umhverfis þeirra með jökulinn í baksýn er alþekkt og fjölbreyttur gróður, tjarnir og vötn, mikið fuglalíf og smærri dýr, jökulár og víðernið gera þetta svæði einstakt í sinni röð. Á Íslandi fækkar ört þeim svæðum þar sem ekki hafa verið sett niður mannvirki af einhverju tagi, skálar, kofar, vegir eða uppistöðulón. Þjórsárver eru því án nokkurs vafa eitt dýrmætasta svæðið á hálendi Íslands.³

Miklavatn

Miklavatn er 1.484 ha votlendissvæði á láglandi sem einkennist af gróskumiklu fuglalífi. Svæðið var friðlýst sem friðland árið 1975 og þar gilda sérstakar umferðartakmarkanir frá 15. maí til 1. júlí til að vernda fuglaverp. Vatnið og nánasta umhverfi þess eru mikilvægt búsvæði fyrir votlendistengdar fuglategundir og hafa mikið náttúru- og útivistargildi.

Það er mat stofnunarinnar að nauðsynlegt sé að aðalskipulagið geri skýra grein fyrir verndarmarkmiðum friðlýstu svæðanna og leggi fram stefnumótun um hvernig tryggt verði að framkvæmdir í grennd við þau séu í samræmi við þau markmið.

Áhrifasvæði friðlýstra svæða

Náttúruverndarstofnun bendir á mikilvægi þess að hugað sé að notkun lands sem liggur að friðlýstum svæðum sem geti á einhvern hátt haft áhrif á þau. Samkvæmt 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að „Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Náttúruverndarstofnunar áður en leyfi er veitt. Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfsemi eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði.“

Náttúruminjaskrá aðrar náttúruminjar

Í greinargerð er vísað í C-hluta náttúruminjaskrár Náttúruverndarstofnunar bendir á að svæði sem séu á C-hluta náttúruminjaskrár eru í raun svæði á náttúruminjaskrá sem aðrar náttúruminjar samkvæmt eldri lögum. Samkvæmt 2. tl. laga til bráðabirgða við náttúruverndarlög nr. 60/2013 er mælt fyrir um að þar til ráðherra gefur út náttúruminjaskrá skv. 33. gr. skuli gildandi náttúruminjaskrá halda gildi sínu. Um náttúruminjar á skránni, aðrar en þær sem eru friðlýstar, skal fara samkvæmt ákvæðum 67. gr. eldri náttúruverndarlaga nr. 44/1999, þar til endurmat verndargildis þeirra hefur farið fram. Þetta þýðir að svæðin halda áfram að vera á náttúruminjaskrá skv. eldri lögum, en réttaráhrif 37. gr. núgildandi náttúruverndarlaga gilda ekki.

Stofnunin bendir jafnframt á að í greinargerð hafa gleymst að tilgreina tvö svæði sem tilheyra náttúruminjaskrá: **Fossar í Bólugili, Kotagil og Skeljungssteinn**. Nauðsynlegt er að þau svæði verði tekin upp í greinargerðina þannig að yfirlitið verði rétt og fullnægjandi.

Það er mat Náttúruverndarstofnunar að aðalskipulagið þurfi að fjalla skýrar um verndargildi náttúruminja í sveitarfélaginu og tengja umfjöllunina við stefnu um landnotkun, þannig að tekið sé fullt tillit til þessara svæða við allar skipulags- og leyfisákvæðanir.

³ <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/sudurland/thjorsarver/>

Sérstök vernd náttúruverndarlaga

Í greinargerð kemur fram að fjöldi vistkerfa og jarðminja sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Hins vegar er ekki gert nánar grein fyrir hvaða vistkerfi og jarðmyndanir þetta eru, hvernig tillögur aðalskipulagsins geti haft áhrif á þau eða hver stefna sveitarfélagsins sé varðandi vernd þeirra. Það er ekki einungis votlendi sem nýtur sérstakrar verndar.⁴ Aðeins í einstaka tilfellum í greinargerð eru sett fram skilyrði um að slík svæði skuli njóta verndar. Náttúruverndarstofnun bendir á mikilvægi þess að aðalskipulagið að gera skýra grein fyrir:

- hvaða vistkerfi og jarðmyndir innan sveitarfélagsins njóta sérstakrar verndar,
- hvaða áhrif skipulagstillögur geta haft á þau, og
- hvernig stefna sveitarfélagsins sé varðandi verndun þeirra.

Umfjöllunin eins og hún stendur nú er of almenn og lýsandi og nær ekki að sýna fram á hvernig sveitarfélagið hyggst tryggja að verndarskylda samkvæmt lögum verði virt í framkvæmd. Það er mat stofnunarinnar að setja þurfi fram skýrari stefnu um vernd þessara svæða og tengja hana við skipulagsákvæðanir, þannig að framkvæmdir sem geta haft áhrif á vistkerfi og jarðmyndir með sérstaka vernd verði ekki heimilaðar nema með fullnægjandi mati, rökstuðningi og mótvægisáðgerðum þegar brýnir almannahagsmunir liggja að baki.

Auk þess er mikilvægt að mati stofnunarinnar að svæði sem falla undir sérstaka vernd sé sýnd á þemaupprætti eða sérupprætti.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Náttúruverndarstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

⁴ <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2013060.html>

Mikilvæg fuglasvæði

Náttúruverndarstofnun bendir á að innan sveitarfélagsins eru mikilvæg fuglasvæði skv. Fjölríti Náttúrufræðistofnunar um mikilvæg fuglasvæði á Íslandi, Drangey, Fljót, láglendi Skagafjarðar, Lundey, Málmey, Miklavatn í Fljótum, Miklavatn í Skagafirði, Skagi og Tindastóll⁵. Náttúruverndarstofnun bendir á að á þessum svæðum geta verið fuglategundir sem eru forgangstegundir skv. Bernarsamningnum, á valista og ábyrgðartegundir Íslands. (Sjá lista NÍ: <https://www.ni.is/greinar/forgangstegundir-fugla>)

Í skýrslu NÍ frá árinu 2012 er nefnist „*Vöktun íslenskra fuglastofna - Forgangsröðun tegunda og tillögur að vöktun*“ eftir Guðmund A. Guðmundsson og Kristín Hauk Skarphéðinsson segir m.a. að talað sé um ábyrgðartegundir einstakra landa ef stór hluti einhvers dýrastofns byggir afkomu sína á tilteknum svæðum innan einstakra þjóðríkja. Einnig segir í skýrslunni að Íslendingar beri mikla ábyrgð á mörgum stofnum fugla sem annaðhvort verpa hér í óvenju ríkum mæli eða þá að stór hluti viðkomandi stofns fari hér um á ferðum sínum vor og haust. Á heimasíðu NÍ segir að miðað sé við að um 20% af Evrópastofni viðkomandi tegundar nýti Ísland til varps eða komi hér við á ferðum sínum kallist ábyrgðartegund.

Náttúruverndarstofnun telur mikilvægt að fjallað sé um fuglasvæðin innan sveitarfélagsins í áætluninni og það komi fram í tillögunni hver sé stefna sveitarfélagsins varðandi vernd fuglasvæðanna og landnotkun á svæðum sem eru mikilvæg búsvæði fyrir fugla.

Stefnumörkun

Í greinargerð kemur fram: „Nýting náttúruauðlinda byggir á bestu fáanlegu tækni og þekkingu til að tryggja eins og kostur er sjálfbæra nýtingu þeirra.“ Hins vegar segir einnig: „*Ástand náttúruauðlinda verði ekki síðra í lok skipulagstímabilsins en í upphafi þess.*“

Náttúruverndarstofnun bendir á:

- Orðalagið „*eins og kostur er*“ veikir markmiðið og stenst ekki fyllilega kröfur laga um náttúruvernd og umhverfismat framkvæmda og áætlana.
- Stefna sveitarfélagsins þarf að vera skýr um að nýting náttúruauðlinda skuli ávallt byggjast á sjálfbærni og með sjálfbæra þróun að leiðarljósi, sbr. 1. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og 1. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.
- Því leggjur stofnunin til að markmiðið verði endurorðað þannig að það sé ekki bundið við fyrirvara heldur byggir á lögbundinni skyldu um sjálfbæra nýtingu og vernd náttúru.

Landbúnaður

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að vernd landbúnaðarlands og sjálfbær nýting þess tengist beint náttúruvernd. Ræktarland og tún geta verið mikilvæg búsvæði fyrir mófugla og aðrar fuglategundir sem eru ábyrgðartegundir Íslands, svo sem spóa, lóupræll og hrossagauk, og því ber að líta til verndarmarkmiða samkvæmt lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Við skipulag og ákvarðanir um framkvæmdaleyfi á landbúnaðarlandi er mikilvægt að horfa til þess að flokkar L3 og L4 geta falið í sér óraskað land, vistgerðir með hátt verndargildi, mikilvægt fuglasvæði eða votlendi sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Á slíkum svæðum getur einnig verið að finna svæði sem skráð eru á náttúruminjasrá.

Við ákvarðanir um breytingu á landnotkun landbúnaðarlands þarf jafnframt að tryggja að ekki sé gengið á verndargildi votlendis eða gróðurlenda sem kunna að falla undir 61. gr. sömu laga. Þá er landbúnaðarland einnig lykilauðlind í loftslagsmálum, þar sem sjálfbær landnýting getur stutt við kolefnisbindingu en óhóflegt jarðrask eða framræsing getur hins vegar valdið aukinni

⁵ <https://www.natt.is/is/midlun/kortagogn/mikilvaeg-fuglasvaedi>

losun. Leggja þarf sérstaka áherslu á endurheimt votlendis þar sem því verður viðkomið, bæði til að styrkja líffræðilegan fjölbreytileika og til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Ferðaþjónusta

Þróun ferðaþjónustu þarf að vera í samræmi við markmið um sjálfbæra nýtingu náttúru og verndargildi svæða. Sérstaklega þarf að tryggja að ferðamönnum sé ekki beint að viðkvæmum svæðum, svo sem friðlöndum eða öðrum svæðum sem njóta sérstakrar verndar, og að uppbygging innviða stuðli að dreifingu ferðamanna og lágmarki álag á viðkvæm vistkerfi.

Vindorka

Í greinargerð kemur fram að stefna um vindorku séu í vinnslu og settar fram áherslur sveitarfélagsins þar sem stefnumörkun er mjög almenn og tekur ekki til þeirra fjölmörgu þátta sem nauðsynlegt er að hafa í huga við mat á áhrifum vindorku á náttúru og samfélag. Náttúruverndarstofnun bendir á að í þekkingargrunni NVE⁶ um áhrif vindorku á landi er bent á að skoða þurfi m.a. áhrif á landslag og ásýnd, fuglalíf, lífríki og vistgerðir, vatnafar, jarðmyndanir, hljóðvist, skuggavarþ, samfélagsleg áhrif, útivist og upplifun óbyggðra víðerna. Þá er jafnframt nauðsynlegt að greina samlegðaráhrif margra vindorkuvera á svæðis- og landshluta. Í því samhengi skiptir máli að Blöndulundur, sem er í næsta nágrenni við Skagafjörð, hefur þegar verið flokkaður í nýtingarflokk rammaáætlunar. Uppbygging annarra vindorkukosta í Skagafirði þarf því að meta í samhengi við þann kost til að tryggja að heildaráhrif á landslag, fuglalíf og vistkerfi verði metin á svæðisbundnum grunni.

Smávirkjanir

Náttúruverndarstofnun bendir að þótt afl smávirkjana sé takmarkað segir það eitt og sér ekki til um umfang eða eðli umhverfisáhrifa. Staðsetning ræður úrslitum um hvort áhrif á vistkerfi, vatnafar, landslag og lífríki verði óveruleg eða veruleg. Smávirkjun á viðkvæmu svæði, svo sem í óbyggðum víðernum, á votlendi eða í lífríkislega mikilvægum ám og lækjum, getur haft sambærileg eða jafnvel meiri neikvæð áhrif en stærri virkjun á öðrum stað. Nauðsynlegt er að aðalskipulag taki skýrt mið af þessu og að hver smávirkjun verði metin með hliðsjón af ákvæðum náttúruverndarlaga nr. 60/2013, einkum 61. gr. um sérstaka vernd vistkerfa og jarðmyndana og 69. gr. um vernd landslags og ásýndar. Þá er jafnframt mikilvægt að huga að samlegðaráhrifum margra smávirkjana á sama svæði, þar sem samanlögð áhrif geta verið veruleg á vistkerfi og landslag, þótt einstaka virkjun sé smá í sniðum.

Þéttbýli

Stofnunin styður stefnu um þéttingu byggðar þar sem hún getur stuðlað að hagkvæmri nýtingu innviða og dregið úr þörf fyrir nýtt landrask. Hins vegar þarf sérstaklega að gæta að því að þéttbýlismörk t.d. þar sem þau liggja að Friðlandi Miklavatns. Það er mikilvægt að landnotkun innan þéttbýlis sem liggur að Miklavatni haldist sem opið svæði, enda hefur það mikið náttúruverndargildi. Við frekari skipulagsákvæðanir verður því að tryggja að ekki sé gengið á verndarsjónarmið eða á gæði friðlandsins með landnýtingu eða mannvirkjagerð í næsta nágrenni.

Efnistaka

Samkvæmt lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála ber rekstraraðila að tryggja að vatnsgæði vatnshlota rýrni ekki vegna starfsemi. Efnistaka úr vatnshlotum má því ekki valda því að ástand þeirra versni samkvæmt vatnaáætlun. Fjarlæging á efni, svo sem seti eða möl, getur haft

⁶ <https://www.nve.no/energi/energisystem/vindkraft-paa-land/kunnskapsgrunnlag-om-virkninger-av-vindkraft-paa-land/>

neikvæð áhrif á lífríki bæði staðbundið og neðar í vatnshlotum. Umferð vinnuvéla á svæðinu og í vatnshlotinu eykur jafnframt hættu á mengunarslysum. Þá getur efnistaka valdið vatnsformfræðilegu álagi á lífríki straumvatna.

Þá er mikilvægt að skilgreina nánar hvað átt er við með orðalaginu „*til eigin nota*“ og „*minniháttar efnistaka*“, og hvernig sveitarfélagið hyggst framfylgja slíkri stefnu, sérstaklega með hliðsjón af verndarsvæðum.

Við frágang náma er æskilegt að líta til leiðbeininga sem finna má á vefnum namur.is.

Skógrækt

Náttúruverndarstofnun bendir á að þótt gerðir hafi verið samningar um skógrækt á tilteknum jörðum, geta slíkir samningar ekki gengið framar ákvæðum náttúruverndarlaga. Skógrækt má ekki fara fram á svæðum sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga, jafnvel þótt þegar hafi verið samið um nýtingu lands til skógræktar.

Í aðalskipulagsgögnum kemur fram að skógrækt má ekki skerða votlendi sem nýtur sérstakrar verndar sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga, skógræktarreitir, m.a. **SL-53**, staðsettir í votlendi sem fellur undir 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Náttúruverndarstofnun tekur undir að mikilvægt að skógræktarsvæðið falli vel að landslaginu en í 70. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „*Við túnrækt, skógrækt, uppgræðslu lands, skjólbeltagerð og aðra ræktun skal þess gætt að hún falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúru- og menningarminjum.*“

Náttúruverndarstofnun telur mikilvægt að huga að sjónrænum áhrifum skógræktar, þannig að ekki vaxi upp ferningslaga ræktunarsvæði heldur verði fylgt formum landslags eins og kostur er. Náttúruverndarstofnun bendir á að samkvæmt 10. gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda er ræktun útlendra plöntutegunda óheimil á svæðum sem njóta sérstakrar verndar eða eins og segir í greininni: „*Öll ræktun útlendra tegunda hér á landi er óheimil á friðlýstum svæðum, á landslagsgerðum sem njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 400 metra hæðar yfir sjó.*“

Mengaður jarðvegur

Náttúruverndarstofnun bendir á að samkvæmt 13. gr. reglugerðar nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg skulu sveitarfélög taka mið af skrá yfir svæði þar sem er mengaður jarðvegur, eða þar sem grunur er um mengun, sbr. 11. gr., við gerð skipulags. Stofnunin vinnur nú að skránni en bendir á að sveitarfélagið skal samkvæmt reglugerðinni taka mið af svæðunum þar sem grunur er um mengun.⁷ Mikilvægt er að kortleggja þessi svæði eins nákvæmlega og hægt er og að mati Náttúruverndarstofnunar ætti að skilgreina þessi svæði sem varúðarsvæði, sbr. skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Mat á umhverfisáhrifum

Samkvæmt 1. mgr. 19. gr. laga nr. 111/2021 skulu tilkynningarskyldar framkvæmdir sem tilgreindar eru í flokki B í 1. viðauka við lögin háðar umhverfismati þegar þær eru taldar líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar skv. 2. viðauka. Sama á við um framkvæmdir sem eru að umfangi undir viðmiðunarmörkum í flokki B í 1. viðauka ef þær eru fyrirhugaðar á verndarsvæði, sbr. iii. lið 2. tölul. 2. viðauka.

⁷ https://ust.is/atvinnulif/mengandi-starfsemi/mengadur-jardvegur/ataksverkefni/?fbclid=IwAR2u6Bjte8BfiDoCK9pY2VY8Vw_LmOjxKDxGVuUujhxcHKj5TZ8h3fV7dXk

Stakar framkvæmdir

Náttúruverndarstofnun bendir á að skilgreining á „smávirkjunum“ í aðalskipulagi er mjög víð og nær yfir vindorkumannvirki sem geta verið allt að 70 metra há. Slík mannvirki geta haft veruleg sjónræn áhrif á landslag, áhrif á fuglalíf og á upplifun útivistarsvæða, jafnvel þótt þau falli undir skilgreiningu „smávirkjunar“ í skipulagsgögnum. Aflstærð eða flokkun segir því ekki sjálfkrafa til um eðli eða umfang umhverfisáhrifa. Staðsetning er hér lykilatriði og þarf að meta hvert verkefni sérstaklega með hliðsjón af ákvæðum náttúruverndarlaga nr. 60/2013, einkum 61. og 69. gr., um vernd vistkerfa, jarðmyndana og landslags.

Fráveita

Náttúruverndarstofnun bendir á að þrátt fyrir að fyrirhugaðar séu úrbætur er staðan í dag sú að engin hreinsun fer fram á Sauðárkróki, sem er með rúmlega 2.600 íbúa og umfangsmikla matvælaframleiðslu.⁸ Óhreinsað skólp hefur veruleg áhrif á lífríki og getur rýrt vistfræðilegt ástand vatnshlota samkvæmt lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

Nauðsynlegt er að sveitarfélagið tryggi sem fyrst að hreinsistöð verði reist og að hún uppfylli kröfur reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Þá þarf sveitarfélagið að leggja fram skýr og tímasett markmið um úrbætur í fráveitumálum þannig að tryggt sé að mengun vatnshlota og lífríkis verði stöðvuð innan tiltekins tíma.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur
Skúli Þórðarson
verkefnastjóri

⁸ https://ust.is/library/sida/haf-og-vatn/Stoduskyrsla_fraveitumala_2022_2.pdf